



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík 21. apríl 2023

Tilvísun: 2023040056

Alþingi  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

### Umsögn ríkislögreglustjóra um 856. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (tilkynningar um heimilisofbeldi).

Með frumvarpinu er lagt til að skýrt verði kveðið á um í lögum að heilbrigðisstarfsmenn hafi heimild til að tilkynna lögreglu um heimilisofbeldi að beiðni sjúklings. Embætti ríkislögreglustjóra fagnar framkomnu frumvarpi og tekur undir það sem þar kemur fram og vill koma neðangreindum upplýsingum á framfæri í tilefni af frumvarpinu.

Árið 2022 fékk lögreglan 2374 tilkynningar um heimilisofbeldi og ágreining á milli skyldra eða tengdra til sín, eða tæplega 7 mál á dag.<sup>1</sup> Við skoðun ríkislögreglustjóra á manndrápum á árunum 2010-2020 voru til staðar fjölskyldu- eða nán tengsl í 52% málanna.<sup>2</sup> Árleg rannsókn ríkislögreglustjóra og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um reynslu landsmanna af afbrotum og viðhorf til lögreglu sýnir að aðeins lítill hluti heimilisofbeldismála berst til lögreglu. Þannig sögðust um 7,2% svarenda árið 2022 hafa orðið fyrir ofbeldi í nánu sambandi og 21% þeirra höfðu tilkynnt það til lögreglu. Ekki eru til staðar rannsóknir um hlutfall brotþola sem leitað hafa til heilbrigðisþjónustu á sama tímabili, en erlendar rannsóknir benda til þess að heilbrigðisþjónusta sé oft fyrsti<sup>3</sup> eða helsti viðkomustaður þeirra sem búa við heimilisofbeldi.<sup>4</sup>

Í 3. mgr. 17. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 segir að: „Þagnarskylda starfsmanna í heilbrigðisþjónustu nær ekki til atvika sem heilbrigðisstarfsmanni ber að tilkynna samkvæmt öðrum lagaákvæðum. Í þeim tilvikum ber heilbrigðisstarfsmanni skylda til að koma upplýsingum um atvikið á framfæri við þar til bær yfirvöld.“ Tilvitnað ákvæði tekur til þess þegar að skylda er fyrir hendi fyrir heilbrigðisstarfsmenn, samkvæmt lögum, að tilkynna um atvik sem varða sjúkling, hvort sem um er að ræða barn eða fullorðinn. Beiðni sjúklings er því ekki forsenda þess að miðla upplýsingum til viðeigandi yfirvalda samkvæmt núgildandi lögum. Embætti ríkislögreglustjóra telur að frumvarpið sé mikilvæg viðbót við þær undantekningarheimildir á trúnaði og þagnarskyldu sem eru til staðar samkvæmt núgildandi lögum, enda er hér um að ræða heimild sem byggir á beiðni sjúklings. Einungis verður um að ræða nauðsynlegar upplýsingar sem miðlað verður til lögreglu í þeim tilgangi að tryggja nauðsynlega vernd og stuðning fyrir sjúklinginn.

Embætti ríkislögreglustjóra telur mikilvægt að styrkja lagaheimildir hér á landi fyrir barnavernd, félagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu, skóla og lögreglu til að miðla nauðsynlegum upplýsingum sín á milli og vinna þverfaglega saman að öryggis- og aðgerðaáætlun til að vernda brotþola heimilisofbeldis og tryggja sakborningum aðstoð til að hætta að beita ofbeldi. Sjá nánar umsögn embættisins við 139. mál tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál.

Fyrir hönd embættis ríkislögreglustjóra



<sup>1</sup> Tölfræði um kynbundið ofbeldi, „Aldrei fleiri tilkynningar um heimilisofbeldi og ágreining til lögreglu en árið 2022“, birt 26. janúar 2023. [Sótt af vef lögreglunnar.](#)

<sup>2</sup> Skýrsla ríkislögreglustjóra, Heimilisofbeldi-2014-2021-BI-skýrsla-fyrir-ytri-vef.pdf (logreglan.is), birt 21. mars 2022, sjá glæru 5.

<sup>3</sup> „Violence against women“, [Violence against women \(who.int\)](#).

<sup>4</sup> Skýrsla Socialstyrelsen, „[Socialstyrelsens utredningar av vissa skador och dödsfall 2018–2021](#)“, gefin út í janúar 2022.